



Minnisblað um fjármálaáætlun 2023-2027

Sendandi: Alþýðusamband Íslands

Viðtakandi: Þjóðhagsráð

Dagsetning: 6. apríl, 2022.

Helstu atriði

Alþýðusambandið telur að fjármálaáætlun komi ekki til með að stuðla að félagslegum stöðugleika og þar með stöðugleika á vinnumarkaði á tímabili áætlunar. Viðsnúningur hefur átt sér stað í hagkerfinu, verðbólga mælist 6,7% og slaki er horfinn af vinnumarkaði. Öðru fremur skýrist verðbólguþróun af hækkun húsnæðisverðs sem drifin er áfram af aðgengi að lánum, lækkun vaxta og skorti á húsnæði. Í áætlun er ekki að finna aðgerðir sem mæta þeim vanda sem uppi er á húsnæðismarkaði, þvert á móti er gert ráð fyrir minni framlögum til almenna íbúðarkerfisins og frekari veikingu vaxtabótakerfis. Stefnumörkunin felur í sér að aðhald verði á útgjaldahlið og þar með í minni félagslegum umbótum. ASÍ gagnrýnir þá stefnumörkun sem óumflýjanlega mun ýta undir óstöðugleika á vinnumarkaði.

Áherslur Alþýðusambands Íslands

- Styrkja þarf tekjugrundvöll ríkissjóðs sem myndi auka aðhald á tekjuhlíð¹ og draga úr þörf á afkomubætandi aðgerðum.
 - ASÍ kallar eftir umbótum þannig að skattlagning fjármagns sé nær skattlagningu launatekna.
 - Koma þarf í veg fyrir skattsniðgöngu í formi tekjutilflutnings. Reglur sem takmarka tekjutilflutning myndu auka árlega skatttekjur um 3-8 milljarða króna.
 - Taka þarf upp hóflegt komugjald í ferðaþjónustu til að mæta ytri áhrifum og kostnaði sem verður til vegna ágangs ferðamanna. Hóflegt komugjald á hvern ferðamann gæti skilað fleiri milljörðum í ríkissjóð.
 - Auðlindagjöld taki mið af þeirri rentu sem til verður við nýtingu.
- Brugðist sé við húsnæðisvanda með víðtækum aðgerðum sem leggja grunn að stöðugleika á húsnæðismarkaði.
 - Tryggja framboð húsnæðis, þá sérstaklega óhagnaðar drifinna leigufélaga.
 - Réttindi leigjenda séu stóraukin og leigubremsu komið á.
 - Vaxtabótakerfið verði eftt og horfið verði frá stuðningi í formi skattfrjálsrar ráðstöfunar séreignasparnaðar.²
- Úkraínsk flóttafólk verði undanþegin kröfum um sérstaklega útgefið atvinnuleyfi og sama gildi um aðra einstaklinga sem eru með dvalarleyfi á sama grunni.

¹ Sjá nánar https://www.asi.is/media/317372/skattar-og-ojofnudur_skyrsla_070921.pdf

² Sjá nánar <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/markviss-husnaedisstudningur-vid-tha-tekjuhaestu/>



Hætta á aukinni þenslu á tímabili áætlunar

Fjármálaáætlun er lögð fram nú þegar dregið hefur úr áhrifum heimsfaraldurs á efnahagslífið. Endurspeglast það í hagfelldari horfum um opinber fjármál og minnkandi þörf á afkomubætandi ráðstöfunum. Áætlunin byggir á fjármálastefnu 2022-2026 en Alþýðusambandið skilaði umsögn um stefnuna og gagnrýndi að þar væri ekki að finna grundvöll fyrir stöðugleika á vinnumarkaði.³ Þar var einnig bent á að fjármálastefnan fæli í sér niðurskurð og væri í grundvallaratriðum í ósamræmi við markmið stjórnvalda eins og þau birtast í stjórnarsáttmála. Ekki fæst betur séð en þessar áhyggjur séu staðfestar í fjármálaáætlun þar sem fram kemur að ekki verði ráðist í félagslegar umbætur nema með niðurskurði á öðrum sviðum. Þar segir einnig að „Slík stefnumörkun felur enn fremur í sér að fjármögnun nýrra eða aukinna verkefna mun að stærstum hluta þurfa að fara fram með breyttri forgangsröðun og bættri nýtingu fjármuna.“

Efnahagslífið stóð af sér neikvæðustu áhrif heimsfaraldurs. Samdráttur árið 2020 varð minni en óttast var í fyrstu og vógu áhrifin þyngst í ferðaþjónustu. Líkt og bent er á í fjármálaáætlun hefur verið talsverður vöxtur í öðrum greinum í gegnum heimsfaraldur, m.a. í álframleiðslu, sjávarútvegi, tækni og hugverkaiðnaði þar sem velta hefur aukist um fimmtung frá því fyrir faraldur. Þeir kjarasamningar sem gerðir voru á almennum vinnumarkaði hafa jafnframt reynst atvinnulífi hagfelldir og viðhaldið eftirspurn innanlands. Launahlutfallið hefur þar verið stöðugt á samningstímanum.⁴

Efnahagshorfur hafa breyst mikið frá því fjármálastefnan var lögð fram. Stríð í Úkraínu hefur valdið því að milljónir manna eru á flóttu og mun Ísland ekki fara varhluta af því. Varlega áætlað er gert ráð fyrir að um 1.000-1.500 flóttamenn komi hingað til lands á næstu misserum. Verulegar hindranir eru til staðar fyrir atvinnuþátttöku þeirra sem njóta réttar til dvalar á Íslandi á grundvelli mannúðarsjónarmiða.⁵ Átökin hafa einnig haft veruleg áhrif á alþjóðleg viðskipti, verð á hrávöru og aðfangakeðjur og koma til viðbótar við þær verðsveiflur sem komu í kjölfar heimsfaraldurs og hækkun orkuverðs í Evrópu.

Hætta er á því að verðbólga geti reynst þrálát á tímabili fjármálaáætlunar. Verðbólga mælist nú 6,7% og ekki verið meiri í 12 ár. Sú þróun skýrist öðru fremur af áhrifum vaxta á eignaverð sem endurspeglast í mikilli hækkun húsnæðisverðs. Hækkun húsnæðisverðs hér á landi er ein sú mesta innan OECD, og hefur raunverð hækkað um 64% frá árinu 2015 samanborið við á bilinu 5-31% á Norðurlöndum (Sjá mynd 1 í viðauka). Því til viðbótar hafa sveiflur á verði hrávöru haft áhrif til hækkunar verðbólgu, m.a. í gegnum hærra eldsneytisverð og áburðarverð.

Verðbólguhorfur munu áfram ráðast af þróun húsnæðismarkaðar, ytri aðstæðum og innfluttu verðlagi. Þó er hætta á að ör vöxtur ferðaþjónustu geti kynt undir verðbólgu nú þegar slaki er horfinn úr hagkerfinu. Í dag starfar ferðaþjónusta án takmarkana og afléttingar sóttvarnaraðgerða hafa ýtt undir aukna vinnuafseftirspurn. Samkvæmt gögnum Hagstofunnar hefur dregið hratt úr fjölda lausra starfa í

³ Sjá umsögn ASÍ um fjármálastefnu, <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-451.pdf>

⁴ Launahlutfall hefur verið stöðugt yfir samningstímabil lífskjarasamninga. <https://www.asi.is/media/317640/greinargerd-thjodhagsrad-laun-og-framleidni-1.pdf>

⁵ Sjá ályktun miðstjórnar ASÍ um móttöku flóttafólks og leyfi til að vinna. <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/alyktun-midstjornar-asi-um-mottoku-flottafolks-og-leyfi-til-ad-vinna/>



ferðapjónustu (Sjá mynd 2 í viðauka) og mælist hlutfall lausra starfa svipað og fyrir faraldur.⁶ Hlutfall lausra starfa er mest í mannvirkjagerð og svo sérhæfðri þjónustu og upplýsingatækni. Slaki er því horfinn úr hagkerfinu þó að sá fjöldi ferðamanna sem nú heimsækir Íslandi sé langt frá því sem mest var fyrir heimsfaraldur (Sjá mynd 3 í viðauka).⁷ Ör fjölgun ferðamanna í átt að fyrri hæðum mun því óhjákvæmilega hafa veruleg þensluáhrif á efnahagslíf, vinnumarkað og húsnæðismarkaði, þá sérstaklega á leigumarkaði.

Á næstu árum verður megináskorun opinberra fjármála að stuðla að sjálfbærni og stöðugleika í efnahagslífinu. Hafa þarf í huga að verðbólguþrýstingur undanfarið skýrist af þróun vaxta og kerfislægum þáttum á húsnæðismarkaði og ytri áhrifum. Aukið aðhald getur því ekki verið fólgið í niðurskurði útgjalda, minni fjárfestingu eða veikingu velferðar. Styrkja þarf tekjugrundvöll ríkissjóðs með umbótum í skattkerfinu, m.a. með því að koma í veg fyrir tekjutilflutning. Grípa þarf til víðtækra aðgerða til að mæta húsnæðisvanda og efla þarf tilfærslukerfin til að mæta verðlagsþróun.

Stjórnarsáttmáli settur til hliðar?

Markmið ríkisstjórnarinnar er að stöðva hækkun skulda sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (skuldahlutfall) eigi síðar en í árslok 2026. Miðað við þá spá um efnahagshorfur og afkomu hins opinbera verður þörf á afkomubætandi ráðstöfunum upp á 9 milljarða á ári hverju á tímabilinu 2024-2027. Uppsafnaðar afkomubætandi ráðstafanir á tímabili fjármálaáætlunarinnar eru því 36 milljarðar. Í samanburði við fjármálaáætlun sem lögð var fram í fyrra vor er lagt til að stöðva hækkun skuldahlutfalls ári síðar og áætlaðar afkomubætandi ráðstafanir eru mun minni.⁸

Breyttar efnahagsforsendur frá síðustu fjármálaáætlun leiða til bættrar afkomu hins opinbera. Á árunum 2022-2026 er því nú spáð að afkoma hins opinbera verði á bilinu 110-150 milljörðum betri á hverju ári, þegar litið er framhjá afkomubætandi ráðstöfunum. Þessar bættu efnahagsforsendur leiða til þess að minni þörf er talin á afkomubætandi ráðstöfunum.

Verði efnahagshorfur betri en lagt er til grundvallar í fjármálaáætlun er ekki þörf á afkomubætandi ráðstöfunum. Verði efnahagshorfur verri en lagt er til grundvallar er þörf á samtals 168 milljarða afkomubætandi ráðstöfunum á tímabili fjármálaáætlunarinnar. Þetta stangast á við sjónarmið um góða hagstjórn þar sem afkomubætandi ráðstafanir eigi að framkvæmast þegar vel árar en ekki þegar illa árar í efnahagslífinu.

Líkt og í fjármálastefnu ríkisstjórnar er lagt upp með mjög hógværan vöxt í útgjöldum hins opinbera. Samneysla hins opinbera vex árlega um 1% að raungildi á tímabili fjármálastefnunnar. Að meðaltali hækkaði samneysla um 2% árlega frá aldamótum. Það er erfitt að sjá hvernig jafn lágur útgjaldavöxtur samrýmist velferðarútbótum sem boðaðar voru í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar.

⁶ Sjá umfjöllun úr mánaðaryfirliti, <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/52-atvinnuleysi-i-februar/>

⁷ Fjöldi ferðamanna sem heimsótti Ísland á fyrstu tveim mánuðum var sambærilegur við byrjun árs 2014.


⁸ Í fjármálaáætlun sem lögð var fram í fyrra vor var stefnt að því að stöðva hækkun skuldahlutfalls eigi síðar en í árslok 2025 og áætlaðar afkomubætandi ráðstafanir á tímabilinu 2023-2025 voru 102 milljarðar.



Viðauki

Mynd 1. Raunverð húsnæðis innan OECD

Vísitala, 2015=100



Heimild: OECD

Mynd 2. Hlutfall lausra starfa

4. ársfjórðungur, 2021



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 3. Mánaðarlegur fjöldi ferðamanna

